

2. desember 2019

Efnahags- og viðskiptaefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Frumvarp til laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, mál nr. 361

Vísað er til erindis nefndarinnar varðandi umsögn um ofangreint frumvarp. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) mæla með samþykkt frumvarpsins.

Efni frumvarpsins er innleiðing á hluta ákvæða tilskipunar Evrópusambandsins um endurreisn og skilameðferð (2014/54/EU), þ.e. þeim hluta sem lýtur að skilameðferð, skilavaldi, lágmarki hæfra eigna til eftirgjafar, skilasjóð og forgangsröð krafna í bú fyrirtækja sem löggin ná til. Hluti ákvæða tilskipunarinnar hefur þegar verið leiddur í lög hér á landi með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 54/2018. Það eru ákvæði um endurbótaáætlun og snemmbær inngríp. Samtök fjármálafyrirtækja hafa átt fulltrúa í nefnd sem vann að samningu þessara frumvarpa.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er gert ráð fyrir að árin 2020 og 2021 verði skilasjóður fjármagnaður með tilflutningi fjár frá Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, 1,2 milljarðar króna hvort ár. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hafin sé undirbúningur að varanlegu fyrirkomulagi gjaldtöku í sjóðinn í samræmi við reglugerð ESB nr. 2015/63. Að mati SFF þarf að hafa í huga samspil þeirrar gjaldtöku við álagningu bankaskatts. Bæði gjöldin eru lögð á skuldir fjármálafyrirtækja. Afstaða SFF er að ekki komi greina að leggja bæði á bankaskatt og gjald í skilasjóð. Þannig felldu Svíar niður bankaskatt samhliða því að greiðslur hófust í sænska skilasjóðinn.

Virðingarfyllt,

